



Haust er uppskerutími. Nefndu þrjár villtar plöntur úr þínu nærumhverfi sem gefa af sér til matargerðar	Tíndu lauf af þremur mismunandi trjátegundum og finndu út hvað tegundirnar heita	Tíndu rusl sem hefur verið hent eða fokið út í náttúruna. Hversu mikið rusl tíndir þú?	Taktu þátt í landssöfnun á birkifræi. Sjá nánar hér: https://birkiskogur.is/
Getur þú útskýrt af hverju laufblöð skipta um lit á haustin?	Sittu rólega í tvær mínútur í sólinni með lokuð augun og láta hana verma andlitið. Hvað varstu að hugsa?	Getur þú fundið land sem er með þúfum í þínu nærumhverfi? Veistu af hverju þúfur myndast?	 Búðu til kartöflukarl og kerlingu
Taktu einn hlut úr ruslinu sem þú tíndir úti. Utan um hvaða hlut eru þessar umbúðir? Hvað er þetta rusl lengi að eyðast í náttúrunni? Spurðu þinn elsta ættingja um hvernig umbúðir hann/hún/hán notaði.	Hvað heitir rôtargrænmetið? Vex plantan á Íslandi? Hefur þú smakkað? Finnst þér bragðið gott? 	 Skapaðu mynd úr náttúrulegum efnivið.	Taktu smá hlaupasprett á gangstéttinni og síðan á grasi. Fannst þér vera munur á því að hlaupa á gangstétt og í grasi? Ef já, hvernig munur?
Fylgstu með einu lauftré fella laufin sín. Hvað tók það langan tíma og hvenær datt síðasta laufblaðið af?	Sittu rólega úti í tvær mínútur og hlustaðu á hljóð úr náttúrunni. Hvaða hljóð heyrðir þú?	Borðaðu soðna kartöflu sem var tekin upp fyrir stuttu. Hvað finnst þér um bragðið samanborið við bragð á kartöflu frá s.l. hausti?	Fylgstu með fugli úti í náttúrunni. Hvað er hann að borða?